

Alþingi – nefndarsvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 5. nóvember 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á þinglýsingalögum nr. 39/1978 (greiðslufrestun) – 205. mál.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) vísar til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 23. október 2020, þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um frumvarp dómsmálaráðherra um breytingu á þinglýsingalögum nr. 39/1978 (greiðslufrestun).

HMS fagnar frumvarpinu og telur það mikilvægt að framhald verði á fresti til að þinglýsa viðaukum vegna greiðslufrests og skilmálabreytinga til að mæta þeim aðstæðum sem uppi eru vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. HMS hefur, eins og aðrar lánastofnanir, boðið upp á tímabundin úrræði fyrir viðskiptavinum sínum til að mæta tímabundnum erfiðleikum þeirra vegna faraldursins.

Lánveitingar HMS byggja á lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 en markmið þeirra er m.a. að stuðla að því landsmenn geti búið við öryggi í húsnæðismálum, sbr. 1. gr. laganna. Þar sem HMS lánar aðeins lán vegna íbúðarhúsnæðis, bæði til eigu og leigu, hefur stofnunin lagt ríka áherslu á að bregðast skjótt við þeim aðstæðum sem uppi eru til að stuðla að því að húsnæðisöryggi lántakenda sé ekki stefnt í hættu þrátt fyrir tímabundna erfiðleika vegna heimsfaraldursins.

HMS telur frumvarpið því mikilvægt skref til þess að stuðla að því að kröfuhafar geti brugðist skjótt við í þeim aðstæðum sem uppi eru, sérstaklega þegar um fasteignalán er að ræða, til að tryggja húsnæðisöryggi þeirra sem verða fyrir tekjufalli vegna ástandsins sem er uppi, sem og að koma í veg fyrir að vanskil safnist upp sem leiði til erfiðleika fyrir lántakendur þegar rætist úr.

Virðingarfyllt
f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar,



Rún Knútsdóttir,
lögfræðingur